

REGLUGERÐ

um afnám B-faggildingar.

I. KAFLI

Breyting á reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna, notkun ökurita og eftirlit nr. 605/2010.

1. gr.

Orðin „og annarra sem hafa B-faggildingu“ í 1. mgr. 45. gr. reglugerðarinnar falla brott.

II. KAFLI

Breyting á reglugerð um prófun á ökuritum nr. 572/1995.

2. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: Starfsleyfi sem þegar hafa verið útgefin á grundvelli B-faggildingar halda gildi sínu til 31. desember 2025 þrátt fyrir að B-faggilding hafi verið afturkölluð af faggildingarsviði Hugverkastofu.

III. KAFLI

Breyting á reglugerð um frágang á hraðatakmarkara í bifreið nr. 71/1998.

3. gr.

Orðin „B-faggildingu til að prófa ökurita og“ í 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar falla brott.

4. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: Starfsleyfi sem þegar hafa verið útgefin á grundvelli B-faggildingar halda gildi sínu til 31. desember 2025 þrátt fyrir að B-faggilding hafi verið afturkölluð af faggildingarsviði Hugverkastofu.

IV. KAFLI

Gildistaka.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 54., 69. og 74. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 9. maí 2025.

Eyjólfur Ármannsson.

Ingilín Kristmannsdóttir.